

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341/2001 um geislun matvæla með jónandi geislun.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Geislunarstöðvar.

Á Íslandi skal geislun framkvæmd á viðurkenndum geislunarstöðvum sem fengið hafa leyfi Geislavarna ríkisins til að reka geislataeki. Í aðildarríkjum Evrópusambandsins viðurkenna þar til bær stjórnvöld geislunarstöðvar sem reka geislataeki. Geislunarstöðvar sem geisla matvæli skulu auk þess uppfylla ákvæði alþjóðlegra viðmiðunarreglna Landbúnaðar- og matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og Codex Alimentarius (CAC) (FAO/WHO/CAC, vol. XV, 1. útgáfa) um rekstur geislunarstöðva til geislunar matvæla.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný 4. mgr. sem hljóðar svo: Óheimilt er að flytja inn matvæli sem geisluð eru í geislunarstöðvum utan Evrópusambandsins nema að uppfylltum ofangreindum skilyrðum að því tilskyldu að þær séu á skrá Evrópusambandsins yfir viðurkenndar geislunarstöðvar sem mega reka geislataeki. Birtur er listi yfir þær geislunarstöðvar sem viðurkenndar eru í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipanir 2/1999, 3/1999 og 2002/840).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu

Umhverfisstofnun, 25. febrúar 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um diplomanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Markmið diplománáms á meistarastigi.

Hjúkrunarfræðideild veitir menntun til diplománáms á meistarastigi á þeim sviðum þar sem aðstaða og sérþekking er fyrir hendi.

Markmið diplománámsins er að gefa hjúkrunarfræðingum á Íslandi kost á að auka færni sína og þekkingu á ýmsum fræða- og starfssviðum hjúkrunar og stuðla að því að þeir beiti gagnrýnni hugsun, sýni sérhæfða færni og forystu á hinum fjölbreytilegu sviðum hjúkrunar.